

**Nd.**

**409. Breytingartillaga**

við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 28, 3. nóv. 1915, um kosningar til Alþingis.

Frá Jóni Guðnasyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verður 2. gr.:

Aftan við 46. gr. bætist:

Talning atkvæða skal þó eigi fara fram fyr en ætla má, að komin sjeu til yfirkjörstjórnar öll þau atkvæði kjósenda í kjördæminu, er greidd hafa verið utan kjördæmisins á kjördegi. Má aldrei líða skemri tími en 4 vikur frá því, er kosning fer fram, til þess er atkvæði eru talin.